



# DKG

INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Hautbréf 2020*

## *Félag kvenna í fræðslustörfum á Íslandi*

### **Bráðum koma**


Bráðum koma blessuð jólin  
börnin fara að hlakka til.  
Allir fá þá eitthvað fallett  
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,  
vandi er um slíkt að spá.  
En eitt er víst að alltaf verður  
ákaflega gaman þá.

Máske þú fáir menn úr tini,  
máske líka þetta kver.  
Við skulum bíða og sjá hvað setur  
seinna vitnast hvernig fer.

En ef þú skyldir eignast kverið,  
ætla þú að biðja þig  
að fletta hægt og fara alltaf  
fjaskalega vel með sig.

**Jóhannes úr Kötlum**





## Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG gleðilegra jóla og farsæls komandi árs

Nefndin hefur í desember kallaði eftir fréttum frá deildum og sendum ykkur þennan glaðning á aðventu rétt í þann mund þegar daginn fer að lengja.

Fréttir af starfi deilda eru í minna lagi að þessu sinni og nokkrar deildir sendu ekki inn efni enda hefur starfið verið með óvenjulegum hætti í haust og jafnvel að hluta legið niðri vegna veirunnar sem gerir víðreist og veldur usla. Deildir sem sendu inn efni eru færðar þakkir og pistlar deilda birtast í stafrófsröð eins og venja er.

Um æskujól Pálinu Jónsdóttur á Hesteyri í Jökulfjörðum má lesa í blaðinu. Hún gaf sínum Gammasystrum innsýn í æsku sína þar um slóðir í leiftri eða orðum til umhugsunar á jólafundi deildarinnar í upphafi aðventu. Þökkum við Pálinu fyrir góðfúslegt leyfi sem hún veitti til að birta pistil sinn.

Það er vel þegið að fá uppástungur frá félagskonum til samskipta- og útgáfunefndar DKG um efni í fréttablaðið en næsta blað kemur á vordögum 2021.

Með hækandi sól og fregnum af bóluefni sem væntanlegt er til landsins getum við tekið bjartsýnar og fagnandi á móti nýju ári og áskorunum þess.

*Samskipta- og útgáfunefnd DKG:  
Edda Pétursdóttir  
Hildur Skarphéðinsdóttir  
Svana Friðriksdóttir*





## Fréttir frá stjórn landssambands DKG á Íslandi

Stjórnin hélt sinn 14. fund á stjórnartímabilinu í nóvember. Það eru ýmis mál sem þarf að sinna, sem beint er til okkar erlendis frá og ekki síður mál sem þarf að undirbúa eða ræða vegna starfsemi okkar hér á landi, sem er að mörgu leyti flóknari á þessum veirutímum. Allir fundir okkar á árinu hafa verið fjarfundir á Skype og Zoom.

Framkvæmdaráðsfundi og ráðstefnu var aflýst, en markmiðið var að halda fundi í Borgarnesi í september. Framkvæmdaráðsfundurinn var síðan haldinn 3. október í Hannesarholti og á Zoom. Þrátt fyrir að vandað hafi verið til sóttvarna í Hannesarholti, þá dugði það ekki fyrir framkvæmdaráðið, því þegar kom að fundi var Reykjavík rautt svæði og því ekki æskilegt fyrir utanbæjarfólk að sækja okkur heim. Fundurinn gekk ljómandi vel, þó ekki án tæknivandræða, enda í fyrsta skipti sem við stóðum að svona skipulagi. En þetta lærist allt.

Vegna framkvæmdaráðsfundarins var keypt áskrift að Zoom. Við höfum boðið deildum að nýta sér þessa áskrift og hafa tvær deildir þegið boðið til þessa. Á fundum þeirra var myndbandið með fyrirlestri Elvu Ýrar Gylfadóttur tekið til umræðu. Augljóst er að félagskonum finnst málefnið áhugavert og brýnt.

Stjórn landssambandsins kynnti þrjú stutt leiðtoganámskeið í fréttabréfi forseta í október. Hægt er að velja á milli námskeiða til að halda í fjarfundi. Stjórn landssambandsins borgar fyrirlesurum. Sigríður Hulda Jónsdóttir í Kappadeild, heldur námskeiðin: **Hagnýt ráð til að efla þrautseigju og seiglu** og **Að takast á við breytingar** og Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild heldur námskeiðið: **Að efla hæfni til leiðtogastarfa**.

Félaga- og útbreiðslunefnd er að yfirfara heildarfélagatal samtakanna með hliðsjón af greiðslum félagsgjalda. ID númer félagskvenna

eru færð inn með upplýsingum um hverja félagskonu. Þessi vinna er langt komin. Þegar heildarfélagatalið er tilbúið verður það sett á vefinn. Þá er næsta skref að vefstjórar deilda uppfæri félagatal hvernar deildar á undirvefsíðum deildanna til samræmis.

Evrópuforseti hefur beðið okkur að fara inn á vefsíðu alþjóðasamtakanna [www.dkg.org](http://www.dkg.org) og uppfæra upplýsingar um okkur sjálfar á síðunni m.a. setja inn fæðingardag og mynd. Til að gera þetta þarf ID númerið og lykilorð. Lykilorðið er inni á vefsíðu [dkg.is](http://dkg.is) undir liðnum: Deildarstarfið / Efni fyrir formenn. Lykilorðið er í texta þarna undir. Síðan er best að breyta lykilorðinu og festa það inni, þá er ekkert mál að skrá sig inn á vefsíðuna.

Af erlendum vettvangi ber þess fyrst að geta að Alþjóðaráðstefnunni sem halda átti í Finnlandi næsta sumar (júlí 2021) hefur verið aflýst. Finnski stýrihópurinn treysti sér ekki til að skipuleggja umfangsmikla og dýra ráðstefnu á þessum óvissutímum og það voru síðustu forvöð að ganga út úr samningi við hótél núna á haustmánuðum. Forsetar Evrópulandanna studdu þessa ákvörðun og óskuðu jafnframt eftir því að Finnar fengju að halda ráðstefnuna 2023. Þetta var samþykkt. Við getum því farið að hlakka til að heimsækja Finnland árið 2023. Stjórn landssambandsins sendir félagskonum bestu jóla- og nýjárskveðjur.

Kærar þakkir til ykkar, sem haldið úti félagsstarfi á þessum erfiðu tímum.

*Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir forseti DKG*



Frá deildum



## Frá deildum

### Alfa

Aðalfundur átti að vera þann 1. apríl 2020. En sakir Covid-19 og tilheyrandi samkomubanns var fundinum frestað fram í september. Þá var fundað en sakir farsóttar fór hann fram í gegnum fjarfundabúnað. Fyrir fundinn hafði formaður sent félagskonum skýrslu stjórnar 2018-2020, afrit af reikningum félagsins og ferilskrá Steinunnar Ingu Óttarsdóttur sem sækist eftir inngöngu í Alfadeild.

Fundurinn hófst á því að formaður setti fund og bauð félagskonur velkomnar. Var síðan gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa. Lögð var fram skýrsla stjórnar. Formaður gerði grein fyrir henni og sagði að fráfarandi stjórn hefði sl. tvö ár lagt sig fram um að hafa efni funda fjölbreytt og boðið hefði verið upp á erindi sem fjölluðu um það sem er efst á baugi í umræðu um menntamál. Þá hefði stjórnin einnig lagt sig fram um að efla tengsl við aðrar deildir og halda sameiginlega fundi með þeim. Fundarmönnum var gefinn kostur á að tjá sig um skýrsluna og var almenn ánægja með störf stjórnar og fundi sl. tveggja ára. Því næst lagði gjaldkeri fram reikninga félagsins og skýrði þá. Voru þeir samþykktir.

Loks fór fram stjórnarkjör. Var formaður Erna Árnadóttir borin fyrst upp til samþykktar og var kjör hennar samþykkt með lófataki. Voru þær Hrund Logadóttir, Sigrún Erla Hákonardóttir, María Sólveig Héðinsdóttir, Kristín Axelsdóttir bornar upp sem meðstjórnendur og var það einnig samþykkt með lófataki. Að lokum var ný félagskona Steinunn Inga Óttarsdóttir borin upp til samþykktar og var samþykkt að bjóða hana velkomna í Alfa deild. Yrði það verk nýrrar stjórnar.

Að lokum óskaði fráfarandi formaður nýrri stjórn velfarnarnaðar og var fráfarandi stjórn þökkuð góð störf í þágu félagsins. Fundi slitið.

Með jólakveðjum frá Alfadeildinni  
*Erna Árnadóttir, formaður*





## Beta

Enginn elskar Covid. Nema Covid elskar Covid. Svo mörg voru orð lítills drengs sem deildi líðan sinni með okkur á alþjóðlegum degi kennara 5. október sl. Við í Beta-deild í samstarfi við Mý-deild höfum undanfarin ár lagt okkur fram um að halda þessum mikilvæga degi á lofti. Undirbúningsnefndin í ár dó ekki ráðalaus þrátt fyrir heimsfaraldur og sendi frá sér myndband þar sem nemendur á leikskólastigi áttu sviðið. Þar féllu þessi fleygu orð sem margir taka örugglega undir.

Haustfundur Beta-deildar var haldinn 19. september á Icelandair-hótelinu á Akureyri. Söttvarnarráðstafanir voru í heiðri hafðar og um 20 konur mættu og áttu ljúfa stund yfir hádegisverði. Gestur fundarins var Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir kennari og rithöfundur sem las upp úr nýútkominni bók sinni *Aldrei nema kona*. Sveinbjörg ræddi líka efni sem stendur okkur nærri, lífsbaráttu formæðra okkar á þeim viðsjárverðu tímum sem 18. og 19. öldin voru.

Ljóst var að vetrardagskráin var sett saman meira af óskhyggju en raunsæi. Undirbúnings-hópur fundar okkar í október fann frábæra lausn og þann 28. október örkuðu Beta-systur um Kjarnaskóg með grímur og 2 metra á milli.



Stoppað var reglulega og hlýtt á ljóð um haustið og náttúruna eftir valdar konur.

Á eftir var boðið upp á heitt súkkulaði og kruðerí meðan húmið læddist inn fjörðinn. Þessi stutta og gefandi ganga reyndist síðasta skiptið sem Beta-konur hittust augliti til auglitis á þessu ári.

Jólafundurinn okkar fór fram 18. nóvember sl. á Zoom í frábærum félagsskap Mý- og Nýdeildar. Að sjálfsögðu fékk tæknin að eiga sviðið um tíma þar sem allt virtist ætla að fara úrskaiðis en yfirvegun formanns Mý-deildar sem bingóstjóra varð öllum tæknivandamálum yfirsterkari. Enda espar rafrænt bingó upp keppnisskapið svo um munar! Ragnheiður Sigurðardóttur Beta-systir flutti orð til umhugsunar og lagði út frá bernsku sinni. Hún ólst upp á prestsetri þar sem jólaannir lituðust af annríki kirkjunnar ásamt búskap. Gestur fundarins var Óskar Þór Halldórsson rithöfundur sem nýverið gaf út bókina *Á Ytri-Á* sem fjallar um hjónin Sigurbjörn Finn Björnsson og Mundínu Þorláksdóttur sem bjuggu og ólu upp sín 20 börn við vestanverðan Ólafsfjörð. Áhugaverð og lifandi frásögn Óskars Þórs á fundinum hreyfði við okkur sem hlýddu. Ekki skemmdi fyrir að þrjú eintök af þessari frábæru bók rötuðu til heppinna bingóspilara á fundinum.

Ný stjórn tók við keflinu í Beta-deild á vordögum 2020. Hún bíður þess að veiran víki og starfið í Beta-deild komist á fullt. Enn bíður ein kona eftir formlegri inntöku, við erum á höttunum eftir fleiri konum og svo er það allt hitt sem erfitt er að koma í verk meðan við bíðum kófið af okkur. Einkunnarorðin okkar eins og sakir standa eru að fara varlega og vera þolinmóðar.

Hlýjar jólakveðjur að norðan,  
Hildur Hauksdóttir

## Eta

ETA-deild hélt einn fund á vorönn þann 5.febrúar 2020. Upplýsingar um þann fund er að finna í síðasta fréttabréfi.

Síðan kom Covid 19 og fundir okkar lögðust niður allt fram til 18. nóvember síðastliðinn en þá vorum við með fjarfund í þessu tilfelli TEAMS-fund. 20 félagskonur voru bókaðar og 18 mættu til leiks. Ágústa Unnur Gunnarsdóttir kynningarstjóri Fjölbrautaskólans í Breiðholti sagði okkur frá skólalífinu á tímum Covid. Skólinn er bæði bóknáms, listnáms- og verknámsskóli. Vegna samkomutakmarkana var einungis hægt að leyfa list- og verknámsnemum að mæta í skólann með ákveðnum takmörkunum þó. Þá fengu nemendur starfsbrautar einnig að mæta í skólann. Miklar áskoranir mættu kennurum og öðru starfsfólki sem tengdust bæði kennsluháttum og vellíðan nemenda. Kennarar voru ótrúlega fljótir að aðlaga bóklegar greinar að fjarkennslu og andlegi og félagslegi þátturinn kallaði á nýjar lausnir og hugmyndauðgi. Sem dæmi hefur skólinn boðið nemendum sínum upp á skemmtanir og hvatningu í gegnum fjarbúnað. Sem dæmi þá efndu nemendur fata- og textílbrautar til rafrænnar tískusýningar. Nemendur og starfsfólk hafa tekist vel á við hverja þraut og flestir hafa nú náð góðum tókum á tækninni en því verður ekki neitað að nemendur tala mikið um að þeir sakna skólans, samveru með félögum sínum og þess að ræða við kennara og annað starfsfólk í raunheimum.

Hér til hliðar er dæmi um flíkur frá tískusýningunni, sem eru unnar úr gluggatjöldum og litaðar með jurtalitum, rauðrófum og rauðlauk.

Birna Sigurjónsdóttir, formaður félagsins U3A Reykjavík kynnti félagsskapinn og starfssemi hans. U3A Reykjavík er skammnefni fyrir Háskóla þriðja æviskeiðsins og hluti samtakanna University of the Third Age sem starfrækt er um allan heim. Heiti félagsins felur ekki í sér að félagsmenn skulu vera með

háskólamenntun að baki. Allir eru velkomnir sem vilja miðla eða bæta við sig þekkingu.

Þriðja æviskeiðið má kannski kalla „hin gullnu fullorðinsár“. Þessi tími einkennist af minni ábyrgð en fyrr á ævinni, oft viðunandi fjárhagsstöðu og góðri almennri heilsu. Þau ár sem tengja má þessu æviskeiði eru breytileg frá einum einstaklingi til annars en starfi samtakanna U3A, Reykjavík er beint að árum eftir fimmtugt. Félagsmenn hér eru nú um 890 og hefur fjölgað um hundrað á ári síðan 2012 þegar það var stofnað á Íslandi. U3A eru eins og áður kemur fram samtök fólks á þriðja æviskeiðinu eða 50+ sem vill afla sér og miðla þekkingu. Starfið fer fram með námsskeiðum, fyrirlestrum, hópastarfi, kynnisferðum og ferðalögum. Engin skilyrði eru fyrir þáttöku og engin próf tekin. Heimasíða félagsins er [www.u3a.is](http://www.u3a.is) og þar er hægt að gerast félagi. Í faraldrinum hefur fyrirlestrum verið streymt til félagsmanna.

Vonandi verður næsti fundur með eðlilegum hætti en fjarfundir geta vel gengið með góðum stjórnanda og við í ETA-deild erum svo heppnar að varaformaðurinn okkar Ragnhildur Björg Konráðsdóttir tölvunarfræðingur er með þetta á hreinu.

*Björg Kristjánsdóttir formaður*



## Gamma

Ný stjórn Gammadeildar hittist þegar leið á sumar og lagði drög að dagskrá vetrarstarfsins sem ber yfirskriftina *Tími tækifæra, veganesti – velferð*. Í sama mund og mótuð dagskrá var send út var fyrsta viðburði haustsins aflýst sem var „vor“haustráðstefna landssambandsins í september.

Í byrjun október var ætlunin að hittast í Gerðarsafni, Kópavogi og fræðast um líf og list Gerðar Helgadóttur. Tilmæli um fjölda innandyra og fjarlægðarmörk ásamt breyttum aðstæðum hjá Gerðasafni gerði það að verkum að þeirri ráðstöfun var sjálfhætt. Stjórn lagði höfuð í bleyti því ógjarnan vildum við fresta eða hætta við fund. Niðurstaðan var að Svana Friðriksdóttir Gammasyntir ætlaði að ganga með okkur hring sem hún kallar *Perlufestinn plús* og fræða okkur um stytur á leiðinni. Áætlun breyttist enn og aftur þegar hert var frekar á fjöldatakmörkun.

Það má með sanni segja að stjórnin hafi þurft að taka mið af síbreytilegum aðstæðum. Settar voru upp mismunandi sviðsmyndir til að róa að því öllum árum að mögulegt yrði að halda fund. Niðurstaðan varð að halda fjarfund 3. nóvember á Zoom en reyna að hafa umgjörðina með hefðbundnu sniði. Ekki hugnast öllum að hafa fyrirlestur á netinu og Páll Ólafsson félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu sem ætlaði að heimsækja okkur vildi frekar koma síðar og má segja að yfirskrift erindis hans *Gefðu mér pláss, ég þarf tíma*, hljómi ágætlega við þessar aðstæður. Þess í stað nýttum við boð Landssamtaka DKG um fyrirlestur Elvu Ýrar Gylfadóttur, framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar sem aðgengilegur er öllum deildum. Fyrirlesturinn var á áætlaðri dagskrá vorfundar DKG. Góðar umræður spunnust eftir erindið *Falsmiðlar og fjölmiðlalæsi*. Mæting fór fram úr björtustu vonum og mættu 33 félagskonur á fundinn. Aldursforsetinn okkar 100 ára gömul lét sig ekki vanta og tók virkan þátt í umræðum.

Jólafundurinn var með hefðbundnu sniði við óhefðbundnar aðstæður 2. desember. Mættar í rauðu við skjáinn með freyðandi í glasi voru 36 félagskonur. Orð Pálínu Jónsdóttur til

umhugsunar um bernskujólin og aðstæður á Hesteyri þar sem hún bjó í æsku má lesa á öðrum stað í fréttabréfinu. Rithöfundurinn Vilborg Davíðsdóttir kom í skjáheimsókn



og las úr bók sinni *Undir Yggdrasil*. Bókin segir sögu Þorgerðar Þorsteinsdóttur, barnabarn Auðar Djúpúðgu og veitir innsýn í heim norrænnar heiðni um leið og hún tekur til umfjöllunar ýmis efni sem enn er glímt við í samtímanum. Í umræðum var víða komið við; kettir, fylgjur og gyðjufraði.

Hildi Jóhannesdóttur skólastjóra Dalskóla, starfsfólki hennar og nemendum voru færðar hamingjuóskir með Íslensku menntaverðlaunin sem skólinn hlaut fyrir framúrskarandi skólastarf. Henni er ýmislegt til lista lagt og blés hún í lúður jólalag í lok fundar áður en slökkt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.



Það má með sanni segja að áskoranir hafi mætt nýrri stjórn þetta haustið, uppskeran ánægjuleg þegar horft er til jákvæðrar þátttöku félagskvenna. Þáttur forseta landssambands DKG Ingibjargar E. Guðmundsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur Gammasyntur í sambandi við tæknimál og uppsetningu fjarfunda hefur verið ómetanlegur.

Með hlýjum aðventukveðjum,  
Edda Pétursdóttir, formaður



## Kappa

Kappadeildin hefur svo sannarlega keppst við á árinu og bæði verið útsjónarsöm og öðruvísi. Sú hegðun helgast náttúrulega af heimsfaraldrinum sem nú stýrir öllu og litar líf okkar. Í raun var þessi skringilegi tónn þó sleginn strax á síðasta starfsári þegar við þurftum bæði að fella niður fundi og fróðlegar ferðir vegna óveðra og síðar Kófsins.

Við náðum þó að hittast í júní í Laugardalnum og labba þar um reykvískar söguslóðir. Skoða þvottalaugarnar og rýna í kjör kvenna sem þar unnu bókstaflega baki brotnu. Segja má að við höfum vaxandi áhuga á kjörum og aðstæðum formæðra okkar og hefur sá áhugi komið í ljós á margvíslegan hátt s.s. á bókafundum og í orðum til umhugsunar. Við sjáum alltaf betur og betur þvílíkar hetjur þær voru, oft í erfiðum aðstæðum og í samfélagi sem gat verið þeim svo mótdrægt. Það verður gaman að fylgjast með hvert þessi áhugi leiðir okkur og hvaða skapandi miðla við notum til að vinna áfram með þennan efnivið.



Ný stjórn tók við í júní og var Hulda Anna Arnljótsdóttir kosin formaður og með henni starfa Hildur Elín Vignir varaformaður, Sigrún Kristín Magnúsdóttir ritari, Herdís Anna Friðfinnsdóttir meðstjórnandi og Áslaug Ármannsdóttir er gjaldkeri. Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 6. október eftir að hafa verið frestað nokkrum sinnum vegna ástandsins. Sá fundur var auðvitað fjarfundur og fyrstur sinnar tegundar í deildinni. Formaður og Guðrún Edda Bentsdóttir 2. varaforseti DKG höfðu nokkrum dögum áður tekið þátt í fundi

framkvæmdaráðs og fluttu félagskonum fréttir þaðan.

Við reyndum að halda í okkar meginhefðir og höfðum rósavönd á sínum stað og kveiktum á kertum sem skinu á fallegan bakgrunn rétt eins og í myndveri. Við létum okkur þó nægja rafrænar rósir sem þakklætisvott.



Fjarfundiformið gekk vel og við allar að læra og prófa okkur áfram.

Auðvitað hafa fjarfundirnir verið skemmtilegir og fræðandi en þó umfram allt sveigjanlegir og aðeins styttri. Fyrirlesarinn sem fyrirhugaður var á fyrsta fundi, sem átti upphaflega að vera á Nauthóli, kom inn á annan fjarfund vetrarins sem haldinn var 11. nóvember. Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðstjóri Vinnumálastofnunar fjallaði þar um mikilvægi menntunar í núverandi atvinnuleysi. Hún opnaði fyrir okkur nýjan heim um hvaða úrræði og þjónusta standa atvinnuleitendum til boða til að byggja upp og styrkja hæfni til framtíðarstarfa og nýrra verkefna.

Það erindi rímaði vel við þema starfsársins 2020-2021 sem er áfram „Lýðræði og miðlalæsi“ og undirtitill var ákveðinn af Kappakonum „Að skapa heim og hafa áhrif“. Í vetur verður unnið eftir starfsáætlun sem lögð var fram á fyrsta fundi og sú hefð hefur skapast í Kappadeild að konur skipta með sér verkum að skipuleggja fundi í litlum hópum sem ein fer fyrir. Átta fundir eru fyrirhugaðir á árinu fyrir utan vorþing DKG. Við vonum auðvitað að veturinn gefi okkur mörg tækifæri til að hittast því samveran er okkur mikilvæg og gerir okkur svo gott.

*Hulda Anna Arnljótsdóttir, formaður*





## Mý

Þetta haust er búið að vera með öðru sniði en áður og starf Mý deildarinnar hefur raskast töluvert vegna Covid 19. Starfið hófst með stjórnarfundum í lok ágúst þar sem drög voru lögð að starfi vetrarins og jafnframt var skipulagður aðalfundur sem hafði frestast frá því í vor.

Fyrsti fundur vetrarins 2020-2021, sem jafnframt er aðalfundur, var haldinn í Björböðunum, Árskógsströnd 29. september. Katrín Fjóra Guðmundsdóttir formaður bauð konur velkomnar. Jenný Gunnbjörnsdóttir fór með orð til umhugsunar. Hún valdi fallegar lesningar sem þóttu hitta í mark í dag, þó greinarnar væru margra ára gamlar.

Eftir matinn voru hefðbundin aðalfundarstörf Katrín Fjóra las upp skýrslu stjórnar fyrir árin 2018-2020 og höfðu konur á orði að þær væru stoltar af starfinu. Skýrslan var síðan samþykkt einróma.



Ný stjórn var samþykkt en hana skipa: Katrín Fjóra formaður, Kristín Irene varaformaður, Sigrún Helga meðstjórnandi, Petrea ritari, Ólöf Inga gjaldkeri. Ólöf Inga fór yfir ársreikninga sem voru samþykktir samhljóða.

Þá var rætt um vetrarstarfið og voru konur sammála um að huga þurfi vel að sóttvörnum, nýta jafnvel fjarfundi með fyrirlesurum eða vera með fundi með skjáfyrrilestri.

Ekki urðu fleiri fundir þetta haustið þar til kom að sameiginlegum jólafundi með Beta- og Ný - deild á Teams fjarfundi, sem var haldinn

fimmtudaginn 26. nóvember. Fundurinn tókst með miklum ágætum. Mjög góð mæting var á fundinn.



Katrín Fjóra Guðmundsdóttir formaður Mý deildar setti fundinn og bauð konur velkomnar og kveiki á kertum.

Ragnheiður Sigurðardóttur úr Betadeild fór með Orð til umhugsunar. Þá spiluðu konur Bingó sem fór þannig fram að allar konur voru með spilastokk við hendina þar sem þær drógu fimm spil úr. Katrín Fjóra dró svo úr sínum stokk og las upp spilin sem hún dró, þar til einhver var komin með BINGÓ. Spilaðar voru þrjár umferðir.

Þá tók gestur kvöldsins Óskar Þór Halldórsson við og sagði frá bók sinni *Á Ytri* á sem er saga Mundínu Þorláksdóttur og Finns Björnssonar á Ytri-Á á Kleifum í Ólafsfirði sem eignuðust saman tuttugu börn á árunum 1917 til 1945. Sextán barnanna komust til fullorðinsára. Í bókinni er saga þessarar stóru fjölskyldu á Ytri-Á sögð á áhrifamikinn hátt og dregnar upp myndir af lífi hennar í gleði og sorg. Haft var eftir Mundínu í eftirminnilegu útvarpsviðtali að hún hefði nú ekki haft gaman af börnum. Frásögn Óskars var skemmtileg og las hann valda kafla úr verkinu. Að loknum upplestri leyfði hann spurningar. Lára Gunnðís Magnúsdóttir úr Nýdeild flutti að lokum hugvekju og sleit fundi.

*Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, formaður*



## Peta

Það er helst að fréttu af okkur í Þeta deild að Covid hefur sett mark sitt á starfið allt þetta ár eins og í öðrum deildum.

Ný stjórn tók við í sumar og náði að halda einn fund þann 16. september. Það var góð mæting á fundinn sem haldinn var í gamla barnaskólanum í Keflavík. Efni fundarins var saga barnaskólans, sem var byggður 1911 og því vel yfir 100 ára, í tengslum við skólasögu Keflavíkur og Njarðvíkur. Það var Rannveig Garðarsdóttir starfsmaður bókasafns og leiðsögumaður sem var með fróðleik og lögðu fundarkonur sem margar höfðu verið nemendur í barnaskólanum ýmislegt til málanna. Í lok fundar voru veitingar og spjall.

Ákveðið var að fresta októberfund í ljósi aðstæðna í samfélaginu og í nóvember var ákveðið að bera undir félagskonur hvort þær vildu sleppa jólafundinum eða funda á teams. Niðurstaðan var að meirihluti vildi sleppa fundinum og var það gert.

Formaður sótti framkvæmdaráðsfund þann 3. október í Reykjavík og var það góður og upplýsandi fundur fyrir nýjan formann. Gaman var að hitta formenn annarra deilda og skiptast á skoðunum og spjalla um starfið í deildunum. Við erum bjartsýnar í Þeta deild að með hækkandi sól muni lífið færast smá saman í sitt fyrra horf og að við munum geta farið að funda og hittast sem áður.

Jóla kveðja frá Suðurnesjum til allra Delta Kappa Gamma systra um allt land

*Ingi Björg Bryndís Hilmarsdóttir, formaður*





## Minningar frá Hesteyri

*Flutt á GAMMA zoom-fundi  
2. desember 2020*

Elsku Gammasystur

En hvað það er gaman að sjá ykkur allar og fyllast jóla- og vináttu tilfinningu. Stjórnin bað mig að segja frá jólaminningum úr bernsku minni, fyrir nærri 100 árum!

Margt hefur breyst, en flestir hlakka til jólanna núna eins og áður. Þá var tilhlökkunin tengd tilbreytingu og heimilisgleði og allur undirbúningur fór fram á heimilinu. Það var þrifið hátt og lágt, bakað, eldað, saumuð jólaföt, þrjónaðir fallegir leppar í nýja skinnskó og allir lögðu sitt af mörkum.

Nú fer undirbúningur mikið fram utan heimilis, í leit að fatnaði, mat og jólagjöfum. Að vísu halda margir í forna siði, baka laufabrauð o.fl. og ég dáist að þessu fólki, sem líka er kannski í fullu starfi utan heimilis.


Ég er fædd á Hesteyri í Jökulfjörðum, sem var stærsta byggðin í hreppnum u.þ.b. 70 manns. Þar var verslun, læknir og læknishús með herbergjum fyrir sjúklinga, skóli og loftskreytastöð eftir að síldin lét sjá sig og Kveldúlfur setti niður síldarstöð þar sem Norðmenn höfðu áður rekið hvalveiðistöð, þangað til að hvalveiðar voru bannaðar 1915. Pabbi var loftskreytamaður, afi átti jörðina og hálf t húsíð þar sem við bjuggum og við hjálpuðum við bústörfin eftir því sem tími og geta leyfðu

Áhrif Norðmanna voru sýnileg í þorpinu. Þeir seldu fólki tilsniðin timburhús svo að öll íbúðarhús voru úr timbri. Pabbi, þá lítill hnokki mundi samskiptin við Norðmennina og flutninginn úr torfbænum í nýja timburhúsið. Hann sagði oft frá því með mikilli gleði hvað það var stórkostlegt að flytja úr torfbænum í nýja

timburhúsið. Þar var allt svo bjart og falletg. Eins og í höll.

Mamma var hörkudugleg og kunni vel til verka. Hún þvoði ullina, kembdi, spann og þrjónaði úr henni flíkur á okkur. Hún var lagin saumakona og saumaði allt á okkur og hjálpaði stundum nágrannakonunum við saumaskap. Hún mjólkaði kúna, gekk að heyskap á sumrin. En sláturtíðin var sjálfsagt mesti annatíminn, kapphlaup við tímann að allt væri unnið til matar áður en það skemmdist. Hún steikti m.a. kjöt og setti í loftþéttar krukkur. Góðgæti til vetrarins. Á Vestfjörðum er mikið um berjalönd og berjaferðir voru okkar skemmtiferðir.

Í versluninni var hægt að kaupa vínber og ilmandi epli fyrir jólin. Já þá ilmuðu eplin og lyktin og fyllti húsið. En svo þurfti auðvitað jólatré! Það var til stöng á styrkum fæti. Út úr stönginni gengu álmur sem enduðu í sléttum fleti. Þar voru settar klemmur úr málmi fyrir kertin. Svo var farið upp í hlíð og tínt, mig minnir krækiberjalyng og því vafið um álmurnar. Það var til e.ð. skraut, t.d. kramarhús sem við límdum saman og fyllt voru af rúsínum og öðru sælgæti. Og svo var til forlata toppskraut, sem snerist við hitann frá kertunum og þá heyrðist bjölluhljómur. Skreytt jólatréð varð auðvitað miðpunktur heimilisins, gengið í kring um það og sungnir jólasálmarnir. Það var mjög hátíðlegt.



*Pálína á Hesteyri 1936 um það leyti sem fjölskyldan flytur til Ísafjarðar. Frá vinstri: Guðjón bróðir Pálinu, Sigurrós vinkona Kristjönu, Pálína og Kristjana systir Pálinu.*



Á aðfangadagskvöld var alltaf steikt læri í matinn og auðvitað góður eftirréttur en svo var skammtað á diska, hangikjöts -og saltkjöts-sneiðar, brauð smjör og harðfiskur og sjálfsagt ýnislegt fleira. Hver maður átti sinn disk yfir jólin. Ég veit ekki hvaðan sá siður kom.

Yfir jóladagana voru jólaboð, kunningjar heimsóttu hver annan, sátu yfir kræsingum og svo var alltaf gengið í kring um jólatréð og sungnir sálmar og vísur eins og Adam átti syni sjö og fleiri jólalög.

Jólaboð í læknishúsinu var fastur liður og mikið tilhlökkunarefni. Mig minnir að það hafi verið fyrir börnin í þorpinu – læknishjónin voru barnlaus en höfðu tekið 2 fósturbörn, sem á minni tíð voru orðin stálpuð. Það var alltaf mikil tilhlökkun að vera boðin í læknishúsið og þar var vel tekið á móti gestum af mikilli hlýju og gleði.

Mér finnst að gamlárskvöld hafi verið rólegt og hátíðlegt, en það mátti auðvitað spila á spil eða tefla o.s.frv. Eftir að útsendingar útvarpsins byrjuðu 1930 var dyggilega hlustað á það og höfð af því mikil skemmtun.

Mig rámar í að á þrettándaðnum hafi einhvern tímann verið safnast saman úti á Eyrum, álfakóngur og álfadrottning hafi komið skrautbúin á hestum og sjálfsagt eitthvert fylgdarlið með þeim og svo var gengið til baka í skólahúsið þar sem beið skreytt jólatré, heitt súkkulaði og meðlæti. Jólin voru kvödd með söng í kring um jólatréð og sennilega dansað líka við harmoníkumúsik. Þetta er dálítið óljóst í minninu! Kannske hefur mér bara verið sagt frá þessari „álfareið“, en verið of lítil til að taka þátt í útiverunni. En ég man fyrir víst þrettándaðlegi í skólanum og að stundum voru líka skemmtanir í skólanum og dansað.

En svo hvarf síldin, þessi duttlungafulli fiskur. Kveldúlfur pakkaði saman og ekki var lengur þörf fyrir loftskýtað. Pabbi fékk vinnu

á símsstöðinni á Ísafirði og við fluttum þangað. Þá var ég 12 ára.

En mér liggur annað á hjarta í þessu coveit-fári, hvað margir eru einmana og kvíðafullir og þurfa mikið á því að halda að einhver muni eftir þeim þótt ekki sé nema að hringja til þeirra. „Elskaðu náunga þinn eins og sjálfan þig“, sagði Jesús. Og fræðimaðurinn Erich Fromm tekur undir það: „Undirstaða alls kærleika er náungakærleikur. Þá hugsa ég um umhyggju, virðingu fyrir öðru fólki og ósk um að hjálpa þeim áleiðis í lífinu.“ Gleymum ekki þeim sem eru einmana um jólin og reynum að gleðja þá.

Svo óska ég öllum GAMMA-konum og fjölskyldum þeirra gleðilegra og innihaldsríkra jóla og að nýja árið færi þeim góða heilsu og bjarta framtíð.

*Pálína Jónsdóttir, Gammadeild*



*Læknishúsið eins og það blasir við gestum sem heimsækja Hesteyri.*



## Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

## *Stefnuyfirlýsing Delta*

### *Kappa Gamma:*

*Alþjóðasamtökin Delta  
Kappa Gamma stuðla að  
auknum fræðilegum og  
persónulegum þroska kvenna  
í fræðslustörfum og gæðum í  
menntun og uppeldisstörfum.*



Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>